Kópavo

Kópavogi, 28. ágúst 2023
23082481/202.10 RH

Efni: Morgunmatur í grunnskólum

Samkvæmt lýðheilsustefnu Kópavogsbæjar skal stuðla að stuðla að neyslu hollrar og fjölbreyttrar fæðu á starfsstöðvum bæjarins. Fylgjast skal með fæðuframboði í mötuneytum grunnskóla þar sem leitast verður við að eiga gott samstarf við börnin í takt við 12. grein Barnasáttmálans.

Meðal þess sem mötuneyti grunnskólanna bjóða upp á er morgunmatur. Framkvæmd og framboð morgunmatar er mismunandi eftir skólum eins og sjá má í töflunni hér að neðan:

skóli	**hafragrautur**	**árgangar**	**athugasemd**
Álfhólsskóli	X	Allir	
Hörðuvallaskóli			Eftir skiptingu skólanna er verið að endurskoða málið.
Kóraskóli	X	Allir	
Kársnesskóli	X	Allir	Lítil þátttaka á yngsta- og miðstigi. Unglingastig getur keypt brauð, ávexti og drykki í frímínútum.
Kópavogsskóli	X	7. - 10.	7. - 10. b geta keypt samloku með skinku og osti, ísey skyr, ostaslaufu og ávexti. Er í endurskoðun að bjóða öllum hafragraut í skólabyrjun í tengslum við nýja stefnumótun skólans.
Lindaskóli	Ávextir í áskrift Ávextir/Hafragrautur í áskrift	1.-7. 8. -10.	8.–10. b. geta keypt smurt brauð/samlokur
Salaskóli	Ávextir/áskrift Hafragrautur	1. - 7. 8. - 10.	Í morgunfrímínútum.
Smáraskóli	X	Allir	Nemendum í unglingadeild gefst kostur á að kaupa sér nesti (brauðmeti o.þ.h.).
Snælandsskóli	X	8. - 10.	Í morgunfrímínútum.
Vatnsendaskóli	X	8. - 10.	Ósk frá skólaþingi um hafragraut f/miðstig – er í skoðun. Einnig verður skoðað fyrir yngsta stig.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026